

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Frá stofnun H.F. Verðbréfa hf. hafa gildin *heilindi og fagmennska* verið leiðarljós í starfsemi þess. Félagið hefur ávallt lagt sig fram um að sinna viðskiptavinum eins vel og frekast er unnt og forðast hagsmunaárekstra.

Starfsemi H.F. Verðbréfa lýtur ýmsum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, en til viðbótar hefur félagið mótað stefnur og sett sér verklagsreglur til að sinna hlutverki sínu sem best.

Stjórn félagsins er skipuð vel menntuðum einstaklingum með breiðan bakgrunn sem mótar stefnu félagsins, helstu reglur og veitir dagslegum stjórnendum uppbyggilegt aðhald. Áhersla er lögð á að þættir eins og áhættustýring, innri endurskoðun og regluvarsla séu virkir í starfsemi félagsins og almennt sé leitast við að sýna reglufestu.

Stjórn H.F. Verðbréfa hefur sett sér eftirfarandi stefnu varðandi stjórnarhætti:

- H.F. Verðbréf fylgja leiðbeiningum útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, í júní 2009.
- Í samræmi við meginreglu leiðbeininganna um „*comply or explain*“, munu H.F. Verðbréf, ef við á, upplýsa um þau atriði þar sem vikið er frá reglum leiðbeininganna og útskýra ástæður frávikanna.
- H.F. Verðbréf gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu fyrirtækisins.
- H.F. Verðbréf birta yfirlýsingu um stjórnarhætti í ársskýrslu sinni.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi er þó með þeim fyrirvara að hún kemur ekki að fullu til framkvæmda fyrr en að loknum aðalfundi ársins 2012. Þannig verður sérstök stjórnarháttayfirlýsing fyrst birt með ársreikningi ársins 2011 og í kjölfarið á heimasíðu félagsins. Á sama tíma verður einnig tekin ákvörðun um birtingu frekari upplýsinga vegna stjórnarháttanna á heimasíðunni.

Eins og leiðbeiningar Viðskiptaráðs o.fl. um stjórnarhætti er byggðar upp, þá þarf ekki að hlíta þeim í einu og öllu, en gera skal grein fyrir frávikum (svokölluð „*comply or explain*“ regla). Í starfsemi H.F. Verðbréfa er vikið frá eftirfarandi reglum leiðbeininganna:

- Vikið er frá grein 1.1 um að auglýsa aðalfund á vefsíðu félagsins þegar tímasetning hefur verið ákveðin, helst tveimur mánuðum fyrir lok reikningsárs. Ástæðan er sú að regla þessi er ekki hagkvæm fyrir lítið fyrirtæki með fáa hluthafa.
- Félagið stefnir ekki sérstaklega að því að meirihluti stjórnarmanna sé óháður félaginu og daglegum stjórnendum (grein 2.4). Hins vegar er raunin sú að meirihluti stjórnarmanna uppfyllir þessi skilyrði.
- Stjórn félagsins hefur ekki sett sérstakar skriflegar reglur um siðferði og samfélagslega ábyrgð (grein 2.10). Að mati félagsins eru sjónarmið um siðlega hegðun og samfélagslega ábyrgð undirliggjandi í flestum þeim verklagsreglum sem félagið fylgir, auk þess sem gildi félagsins, *heilindi og fagmennska* eru sterk. Í þessu skyni hefur félagið m.a. sett sér stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum sem, ásamt öðrum verklagsreglum og stefnum, er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Þá styrkir félagið umhverfi sitt og samfélag nær og fjær, stendur fyrir menningarviðburðum og hvetur til opinberrar umræðu og gagnrýnnar hugsunar.
- Félagið hefur ekki birt stjórnarháttayfirlýsingu með ársreikningi (grein 6.1) en mun gera það með ársreikningi ársins 2011.

Þannig samþykkt af stjórn H.F. Verðbréfa 26. október 2011

Anna María Sigurðardóttir

Gunnar H. Sverrisson

Kári Kárason

Sigrún K. Sigurjónsdóttir